



Hörgársveit

Ása Dóra Finnbogadóttir

Þelamerkurskóla

601 AKUREYRI

Garðabær, 16.7.2025

Málsnúmer: 202506-0053

IAS

Efni: Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012–2024 vegna Blöndulínu 3.

Vísað er til erindis Hörgársveitar, frá 26. júní 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar vegna breytingar á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 vegna Blöndulínu 3.

„Gerð er breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024, á skipulagsuppdrátti og greinargerð sem staðfest var 17.12.2015. Breytingin er til komin vegna áforma Landsnets um framkvæmd við Blöndulínu 3, 220 kV háspennulínu sem liggur um Hörgársveit á um 41 km löngum kafla og nær breytingin til strengleiddar Blöndulínu 3 innan marka Hörgársveitar ásamt helgunarsvæði hennar ásamt því að tveimur efnistökusvæðum vegna framkvæmdarinnar er bætt við á uppdrátt og í greinargerð. Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við 1. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinagerðina og kemur með eftirfarandi ábendingar. Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um skipulagslýsinguna þann 29. júlí 2024 og eru ábendingar úr þeirri umsögn ítrekaðar hér.

Gera þarf grein fyrir því raski sem framkvæmdirnar hafa á berghlaupið Hólahóla og meta hvort verndargildi jarðminja rýrni. Mikilvægt er að vistgerðum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013) verði hlíf eins og hægt er og að gerð sé grein fyrir hugsanlegu raski og mögulegum mótvægisaðgerðum, svo sem við foss í Þverárgili.

Tvö ný efnistökusvæði eru sett inn í aðalskipulag, Varmavatnshólar (E14) og Vaskáreyrar (E15). Báðar þessar námur eru í námuskrá Vegagerðarinnar en þar er skráð að efnistöku sé lokið og námurnar fullfrágengnar. E14 er á áreyrum nálægt Öxnadalsá, og er mikilvægt að virkum farvegi árinna verði ekki raskað, en E15 er í aurkeilu. Áætlað er að taka 101.000 m² úr þessum tveimur námum sem báðar eru við hringveginn og því er mikilvægt að gengið verði frá námunum aftur að efnistöku lokinni til að minnka ásjýndaráhrif.

Skoða þarf áhrif á fuglalíf og Náttúrufræðistofnun er sammála Skipulagsstofnun um „að setja þurfi skilyrði í framkvæmdaleyfi um vöktun á áflugi fugla. Í vöktunaráætlun þarf að koma skýrt fram hvaða svæði á að vakta, hvernig vöktun fer fram og hvenær, hvaða sérfræðiaðilar hafi tekið þátt í gerð vöktunaráætlunar og hverjir framkvæmi vöktunina.“ Ekki er nóg að gefa sér að áflug verði í lágmarki þar sem línan er staðsett meðfram hlíðum mestan hluta leiðarinnar. Jákvætt er að Rangárvallalína verði tekin niður eftir að Blöndulína 3 verður komin í rekstur.



Þá er æskilegt að framkvæmdir fari fram utan varptíma, sér í lagi skal ekki fara í framkvæmdir í grennd við fálkaóðöl á varptíma.

Fram kemur að línuleiðin liggi að hluta til um votlendissvæði sem eru yfir tveir hektarar og heyra undir 61. grein laga um náttúruvernd en að Landsnet muni vinna að endurheimt landsvæða í samstarfi við viðkomandi aðila.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur